# Byggðasafn Dalamanna

## Ársskýrsla 2022



*Guðrún Esther Magnúsdóttir (1917-2017) húsfreyja á Fossi.*
*Ljósm. Lárus Óli Kristinn Magnússon (1921-2012) í Tjaldanesi.*

# Efnisyfirlit

**Stjórnsýsla** .......... **2**

*Stjórn safnsins* .......... *2*

*Starfsfólk og sjálfboðaliðar* .......... *2*

*Stofnskrá og stefnumörkun* .......... *2*

**Safnkostur** .......... **2**

*Afhendingar* .......... *3*

Munir .......... 3

Ljósmyndir .......... 3

*Skráningar* .......... *3*

**Miðlun** .......... **3**

*Opnunartímar* .......... *4*

*Aðsókn* .......... *4*

**Rannsóknir og þekkingaöflun** .......... **4**

**Húsnæði** .......... **4**

**Annað** .......... **4**

**Ársreikningur 2021** .......... **5**

## Stjórnsýsla

Byggðasafn Dalamanna var upphaflega í eigu sýslunefndar Dalasýslu, þá héraðsnefndar Dalasýslu og nú sveitarfélagsins Dalabyggðar. Sveitarstjórn Dalabyggðar fer með húsnæðismál safnsins.

### Stjórn safnsins

Menningarmálanefnd Dalabyggðar fer með málefni Byggðasafns Dalamanna.

Nefndina fram að sveitarstjórnarkosningum skipuðu formaður Þorgrímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Einar Jón Geirsson kennari í Auðarskóla og Sigrún Hanna Sigurðardóttir bóndi á Lyngbrekku. Varamenn voru Gyða Lúðvíksdóttir bóndi í Brautarholti og Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi í Þurranesi.

Menningarmálanefnd eftir sveitarstjórnarkosningar skipa formaður Þorgrímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Einar Jón Geirsson kennari í Búðardal, Alexandra Rut Jónsdóttir búfræðikandídat á Skerðingsstöðum. Varamenn eru Gyða Lúðvíksdóttir bóndi í Brautarholti, Sigurður Ólafsson rafvirki í Búðardal og Skúli Hreinn Guðbjörnsson bóndi í Miðskógi.

Menningarmálanefnd fundaði sex sinnum á árinu.

### Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 55% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 30% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og 15% starfshlutfall hjá sveitarfélaginu Dalabyggð sem persónuverndarfulltrúi o.fl.

Um eftirlit og minna viðhald sá Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar. Sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um margt og mikið.

### Stofnskrá og stefnumörkun

Byggðasafn Dalamanna starfar samkvæmt eldri safnastefnu fyrir árin 2013-2017. Ákveðið hefur verið að fresta frekari vinnu við stefnumörkun og annarri áætlanagerð til lengri tíma þar til ljóst verður hvert framtíðarhúsnæði safnsins verður og hvaða áhrif það hefur á starfsemina.

## Safnkostur

Byggðasafn Dalamanna safnar munum, ljósmyndum og heimildum sem að gera sögu mannlífs og náttúru í Dölum skil. Söfnunarsvæði Byggðasafns Dalamanna er fyrst og fremst Dalasýsla og Skógarströnd. Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur við skjölum af svæðinu og Listasafn Dalasýslu við listaverkum tengdum héraðinu.

Söfnunarflokkar eru heimilishald, atvinnuhættir, heimilisiðnaður, handverk, samgöngur, félagslíf, skólahald, kirkjumunir, trúarsöfnuðir og náttúruminjar. Vegna skorts á geymslurými er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda frá síðari hluta 20. aldar í stað umfangsmikillar munasöfnunar.

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra heimilishaldi og daglegu lífi á starfsvæði safnsins frá torfbæjum til nútímans. Varðandi atvinnuhætti er lögð áhersla á landbúnað fyrir vélvæðingu, hlunnindanýtingu, sjávarnytjar, eyjabúskap, iðnað og upphaf verslunar í héraðinu. Sérstök áhersla er lögð á söfnun tengda heimilisiðnaði og handverki úr héraðinu. Þá er og safnað er tækjum og tólum sem því tengjast. Safnið á nokkuð af munum tengdum póst- og símaminjum. Varðandi félagslíf er áhersla lögð á íþrótta- og æskulýðsfélög. Skólahald er mikilvægur söfnunarflokkur og safnað er munum

frá farskólunum, Búnaðarskólanum í Ólafsdal, Lýðskólunum í Hjarðarholti og Búðardal, Húsmæðraskólanum á Staðarfelli og Laugaskóla. Úr öðrum skólum er meiri áhersla lögð á söfnun ljósmynda og heimilda. Á safninu er nokkuð af kirkjumunum, en einnig er safnað ljósmyndum og munum tengdum starfsemi Hjálpræðishersins í Dölum.

## Afhendingar

Í aðfangabók eru skráðar óvenju fáar afhendingar eða 2 afhendingar muna og 5 afhendingar ljósmynda.

### Munir

2022-1 Goddastaðir. Ýmsir munir frá Goddastöðum, Hundadal og víðar úr sýslunni.

2022-2 Hrútsstaðir. Munir frá fjölskyldu Guðbjargar Jónsdóttur og Böðvars Marteinssonar.

### Ljósmyndir

2022-1 Efri-Brunná. Ljósmyndir úr fórum Eyjólfs Sturlaugssonar og Guðlaugar Guðmundsdóttur.

2022-2 Hjarðarholtsskóli. Skólaspjald Eyjólfs Jónasson í Sólheimum frá 1911-12.

2022-3 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Svart hvítar filmur.

2022-4 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Litskyggnur.

2022-5 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Framkallaðar myndir varðveittar á Fossi.

## Skráningar

Í árslok 2022 voru alls skráðir munir í Sarp 2209 og ljósmyndir 7034. Unnið var að ljósmyndun muna við eldri skráningar og þeim bætt við í Sarp eftir því sem tími og aðstæður leyfðu.

Því miður er ekki til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarpi, en áætlað er að það séu um 350 munir og 4000 ljósmyndir. Stór hluti þeirra kemur úr stórri afhendingu í árslok 2022, ljósmyndir frá Laugaskóla yngri en 25 ára og öðrum afhendingum sem eftir er að yfirfara betur.

# Miðlun

Engar sýningar voru á safninu sumarið 2022. Unnið er að taka niður sýningar safnsins til flutnings í nýtt húsnæði (eða langtímageymslu).

Örsýningar voru sem fyrri ár á Héraðsbókasafni Dalasýslu.

Sýning á völdum verkum úr safnkosti Listasafns Dalasýslu var í Árbliki í Suðurdölum í tengslum við verkefnið nr. 4 Umhverfing í Dölum, á Ströndum og Vestfjörðum. Vegna þess þurfti að fresta um eitt ár sýningu á bæjarmyndum Sigurhans Vignis í húsinu.

Byggðasafn Dalamanna í samvinnu við Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Listasafn Dalasýslu sér um að nýtt listaverk eða munir af söfnunum séu á opnum fundum sveitarstjórnar Dalabyggðar. Þeim fundum er streymt á Youtube.

Miðlun á ljósmyndasafni fer að mestu í gegnum Sarp og sameiginlegri Facebook-síðu Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þar eru og birtar örsögur, kveðskapur, viðburðir og annað smálegt tengt sögu og mannlífi í Dölum.

Heimasíða safnsins er hluti af vefsíðu sveitarfélagsins Dalabyggðar, en þar eru ekki miklir möguleikar á uppsetningum og er sú síða því lítið notuð nema fyrir grunnupplýsingar.

## Opnunartímar

Byggðasafn Dalamanna var lokað sumarið 2022 vegna fyrirhugaðs flutnings á safninu.

## Aðsókn

Safnið hefur verið lokað undanfarin ár vegna óviðunandi aðstöðu til varðveislu og safnastarfs.

Sögustundir eru haldnar yfir vetrarmánuðina í samstarfi við Héraðsskjalasafn Dalasýslu. Söguröit yfir sumarmánuðina hefur verið í samstarfi við Sauðfjársetur á Ströndum síðan 2018. Til skiptis er gengið á Ströndum, í Dölum og einnig í Reykhólahreppi. Sögustundir og söguröit var frestað á árinu eftir Covid-19 og annarra anna.

Eftir Covid-19 fór starfsemi Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólasveit hægt af stað, en safnastjóri og héraðsskjalavörður hafa verið með reglulega dagskrá þar undanfarin ár.

# Rannsóknir og þekkingaöflun

Rannsóknir og þekkingaöflun á árinu tenggist sem fyrr skráningu muna og greininga ljósmynda. Mikil vinna er lögð í að nafnaskrá í Sarpi séu vandar þannig að auðvelt verði í framtíðinni að finna réttan einstakling.

Unnið var að nemendatali Húsmæðraskólans á Staðarfelli og Hjarðarholtsskóla samhliða skráningu skólaspjalda.

Í maímánuði fór safnastjóri og hugbúnaðarsérfræðingur safnsins í vikuferð um sænsku Dalina að kynna sér þar safnastarf, söguslóða, öflug sögufélög og hvernig þetta er tengt saman til að mynda eina heild.

# Húsnæði

Frá 1977 hefur Byggðasafn Dalamanna verið til húsa í kjallara undir kennsluálmu Laugaskóla. Núverandi húsnæði hentar starfsemi safnsins illa og fá tækifæri eru til þróunar. Á haustmánuðum 2019 var endanlega ákveðið eftir miklar haustrigningar og vatnsflóð á safninu að nú væri nóg komið og safninu lokað á Laugum.

Unnið var af eiganda safnsins, sveitarfélaginu Dalabyggð, að fjármögnun á nýju safnahúsi. Ekkert gekk frekar en fyrri ár að fá svör frá menningarmálaráðuneytinu varðandi stofnstyrki til nýs safnahúss.

Í árslok 2022 urðu sviptingar í öllum áætlunum um húsnæði fyrir safnið og staðan komin nokkurn veginn aftur á byrjunarreit.

# Annað

Þónokkur tími safnvarðar fer í að svara fjölbreyttum erindum tengdum munum, ljósmyndum, sögu, menningu og staðháttum héraðsins.

Óvissa í fjármögnun á húsnæði fyrir safnið höfðu mikil áhrif á starfsemi safnsins á árinu 2022.

Afhendingar muna og ljósmynda voru í lágmarki, ekki var unnt að vinna að nýjum sýningum í nýju húsnæði o.s.frv.

En ekkert safnastarf væri til staðar án mikillar bjartsýni og vonar um betri tíma að ári.

# Ársreikningur 2022

## Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Dalabyggð | 5.263.376 | 86,07% |
| Styrkir | 852.000 | 13,93% |
| | **6.115.376** | **100%** |

## Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Launakostnaður | 5.263.376 | 91,1% |
| Sarpur | 139.084 | 2,4% |
| Húsaleiga | 180.000 | 3,1% |
| Eftirlit með húsnæði | 15.600 | 0,3% |
| Öryggisgæsla | 143.608 | 2,5% |
| Sími, net ofl. | 10.856 | 0,2% |
| Tryggingar | 24.134 | 0,4% |
| **Samtals gjöld** | **5.776.658** | **100%** |
| Rekstrarafgangur / tap | 338.718 | |

| | |
|---|---|
| Uppsafnaður hagnaður | 3.589.231 |
| Rekstur 2022 | 338.718 |
| Samtals | 3.927.949 |

*Ársreikningur Byggðasafns Dalamanna er hluti af bókhaldi sveitarfélagsins Dalabyggðar og endurskoðað með því*

# Byggðasafn Dalamanna

## Ársskýrsla 2022



*Guðrún Esther Magnúsdóttir (1917-2017) húsfreyja á Fossi.*
*Ljósm. Lárus Óli Kristinn Magnússon (1921-2012) í Tjaldanesi.*

# Efnisyfirlit

**Stjórnsýsla** ..... **2**

*Stjórn safnsins* ..... *2*

*Starfsfólk og sjálfboðaliðar* ..... *2*

*Stofnskrá og stefnumörkun* ..... *2*

**Safnkostur** ..... **2**

*Afhendingar* ..... *3*

Munir ..... 3

Ljósmyndir ..... 3

*Skráningar* ..... *3*

**Miðlun** ..... **3**

*Opnunartímar* ..... *4*

*Aðsókn* ..... *4*

**Rannsóknir og þekkingaöflun** ..... **4**

**Húsnæði** ..... **4**

**Annað** ..... **4**

**Ársreikningur 2021** ..... **5**

## Stjórnsýsla

Byggðasafn Dalamanna var upphaflega í eigu sýslunefndar Dalasýslu, þá héraðsnefndar Dalasýslu og nú sveitarfélagsins Dalabyggðar. Sveitarstjórn Dalabyggðar fer með húsnæðismál safnsins.

### Stjórn safnsins

Menningarmálanefnd Dalabyggðar fer með málefni Byggðasafns Dalamanna.

Nefndina fram að sveitarstjórnarkosningum skipuðu formaður Þorgrímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Einar Jón Geirsson kennari í Auðarskóla og Sigrún Hanna Sigurðardóttir bóndi á Lyngbrekku. Varamenn voru Gyða Lúðvíksdóttir bóndi í Brautarholti og Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi í Þurranesi.

Menningarmálanefnd eftir sveitarstjórnarkosningar skipa formaður Þorgrímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Einar Jón Geirsson kennari í Búðardal, Alexandra Rut Jónsdóttir búfræðikandídat á Skerðingsstöðum. Varamenn eru Gyða Lúðvíksdóttir bóndi í Brautarholti, Sigurður Ólafsson rafvirki í Búðardal og Skúli Hreinn Guðbjörnsson bóndi í Miðskógi.

Menningarmálanefnd fundaði sex sinnum á árinu.

### Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 55% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 30% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og 15% starfshlutfall hjá sveitarfélaginu Dalabyggð sem persónuverndarfulltrúi o.fl.

Um eftirlit og minna viðhald sá Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar. Sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um margt og mikið.

### Stofnskrá og stefnumörkun

Byggðasafn Dalamanna starfar samkvæmt eldri safnastefnu fyrir árin 2013-2017. Ákveðið hefur verið að fresta frekari vinnu við stefnumörkun og annarri áætlanagerð til lengri tíma þar til ljóst verður hvert framtíðarhúsnæði safnsins verður og hvaða áhrif það hefur á starfsemina.

## Safnkostur

Byggðasafn Dalamanna safnar munum, ljósmyndum og heimildum sem að gera sögu mannlífs og náttúru í Dölum skil. Söfnunarsvæði Byggðasafns Dalamanna er fyrst og fremst Dalasýsla og Skógarströnd. Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur við skjölum af svæðinu og Listasafn Dalasýslu við listaverkum tengdum héraðinu.

Söfnunarflokkar eru heimilishald, atvinnuhættir, heimilisiðnaður, handverk, samgöngur, félagslíf, skólahald, kirkjumunir, trúarsöfnuðir og náttúruminjar. Vegna skorts á geymslurými er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda frá síðari hluta 20. aldar í stað umfangsmikillar munasöfnunar.

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra heimilishaldi og daglegu lífi á starfsvæði safnsins frá torfbæjum til nútímans. Varðandi atvinnuhætti er lögð áhersla á landbúnað fyrir vélvæðingu, hlunnindanýtingu, sjávarnytjar, eyjabúskap, iðnað og upphaf verslunar í héraðinu. Sérstök áhersla er lögð á söfnun tengda heimilisiðnaði og handverki úr héraðinu. Þá er og safnað er tækjum og tólum sem því tengjast. Safnið á nokkuð af munum tengdum póst- og símaminjum. Varðandi félagslíf er áhersla lögð á íþrótta- og æskulýðsfélög. Skólahald er mikilvægur söfnunarflokkur og safnað er munum

frá farskólunum, Búnaðarskólanum í Ólafsdal, Lýðskólunum í Hjarðarholti og Búðardal, Húsmæðraskólanum á Staðarfelli og Laugaskóla. Úr öðrum skólum er meiri áhersla lögð á söfnun ljósmynda og heimilda. Á safninu er nokkuð af kirkjumunum, en einnig er safnað ljósmyndum og munum tengdum starfsemi Hjálpræðishersins í Dölum.

## Afhendingar

Í aðfangabók eru skráðar óvenju fáar afhendingar eða 2 afhendingar muna og 5 afhendingar ljósmynda.

### Munir

2022-1 Goddastaðir. Ýmsir munir frá Goddastöðum, Hundadal og víðar úr sýslunni.

2022-2 Hrútsstaðir. Munir frá fjölskyldu Guðbjargar Jónsdóttur og Böðvars Marteinssonar.

### Ljósmyndir

2022-1 Efri-Brunná. Ljósmyndir úr fórum Eyjólfs Sturlaugssonar og Guðlaugar Guðmundsdóttur.

2022-2 Hjarðarholtsskóli. Skólaspjald Eyjólfs Jónasson í Sólheimum frá 1911-12.

2022-3 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Svart hvítar filmur.

2022-4 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Litskyggnur.

2022-5 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Framkallaðar myndir varðveittar á Fossi.

## Skráningar

Í árslok 2022 voru alls skráðir munir í Sarp 2209 og ljósmyndir 7034. Unnið var að ljósmyndun muna við eldri skráningar og þeim bætt við í Sarp eftir því sem tími og aðstæður leyfðu.

Því miður er ekki til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarpi, en áætlað er að það séu um 350 munir og 4000 ljósmyndir. Stór hluti þeirra kemur úr stórri afhendingu í árslok 2022, ljósmyndir frá Laugaskóla yngri en 25 ára og öðrum afhendingum sem eftir er að yfirfara betur.

# Miðlun

Engar sýningar voru á safninu sumarið 2022. Unnið er að taka niður sýningar safnsins til flutnings í nýtt húsnæði (eða langtímageymslu).

Örsýningar voru sem fyrri ár á Héraðsbókasafni Dalasýslu.

Sýning á völdum verkum úr safnkosti Listasafns Dalasýslu var í Árbliki í Suðurdölum í tengslum við verkefnið nr. 4 Umhverfing í Dölum, á Ströndum og Vestfjörðum. Vegna þess þurfti að fresta um eitt ár sýningu á bæjarmyndum Sigurhans Vignis í húsinu.

Byggðasafn Dalamanna í samvinnu við Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Listasafn Dalasýslu sér um að nýtt listaverk eða munir af söfnunum séu á opnum fundum sveitarstjórnar Dalabyggðar. Þeim fundum er streymt á Youtube.

Miðlun á ljósmyndasafni fer að mestu í gegnum Sarp og sameiginlegri Facebook-síðu Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þar eru og birtar örsögur, kveðskapur, viðburðir og annað smálegt tengt sögu og mannlífi í Dölum.

Heimasíða safnsins er hluti af vefsíðu sveitarfélagsins Dalabyggðar, en þar eru ekki miklir möguleikar á uppsetningum og er sú síða því lítið notuð nema fyrir grunnupplýsingar.

## Opnunartímar

Byggðasafn Dalamanna var lokað sumarið 2022 vegna fyrirhugaðs flutnings á safninu.

## Aðsókn

Safnið hefur verið lokað undanfarin ár vegna óviðunandi aðstöðu til varðveislu og safnastarfs.

Sögustundir eru haldnar yfir vetrarmánuðina í samstarfi við Héraðsskjalasafn Dalasýslu. Söguröl yfir sumarmánuðina hefur verið í samstarfi við Sauðfjársetur á Ströndum síðan 2018. Til skiptis er gengið á Ströndum, í Dölum og einnig í Reykhólahreppi. Sögustundir og söguröl var frestað á árinu eftir Covid-19 og annarra anna.

Eftir Covid-19 fór starfsemi Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólasveit hægt af stað, en safnastjóri og héraðsskjalavörður hafa verið með reglulega dagskrá þar undanfarin ár.

## Rannsóknir og þekkingaöflun

Rannsóknir og þekkingaöflun á árinu tenggist sem fyrr skráningu muna og greininga ljósmynda. Mikil vinna er lögð í að nafnaskrá í Sarpi séu vandar þannig að auðvelt verði í framtíðinni að finna réttan einstakling.

Unnið var að nemendatali Húsmæðraskólans á Staðarfelli og Hjarðarholtsskóla samhliða skráningu skólaspjalda.

Í maímánuði fór safnastjóri og hugbúnaðarsérfræðingur safnsins í vikuferð um sænsku Dalina að kynna sér þar safnastarf, söguslóða, öflug sögufélög og hvernig þetta er tengt saman til að mynda eina heild.

## Húsnæði

Frá 1977 hefur Byggðasafn Dalamanna verið til húsa í kjallara undir kennsluálmu Laugaskóla. Núverandi húsnæði hentar starfsemi safnsins illa og fá tækifæri eru til þróunar. Á haustmánuðum 2019 var endanlega ákveðið eftir miklar haustrigningar og vatnsflóð á safninu að nú væri nóg komið og safninu lokað á Laugum.

Unnið var af eiganda safnsins, sveitarfélaginu Dalabyggð, að fjármögnun á nýju safnahúsi. Ekkert gekk frekar en fyrri ár að fá svör frá menningarmálaráðuneytinu varðandi stofnstyrki til nýs safnahúss.

Í árslok 2022 urðu sviptingar í öllum áætlunum um húsnæði fyrir safnið og staðan komin nokkurn veginn aftur á byrjunarreit.

## Annað

Þónokkur tími safnvarðar fer í að svara fjölbreyttum erindum tengdum munum, ljósmyndum, sögu, menningu og staðháttum héraðsins.

Óvissa í fjármögnun á húsnæði fyrir safnið höfðu mikil áhrif á starfsemi safnsins á árinu 2022.

Afhendingar muna og ljósmynda voru í lágmarki, ekki var unnt að vinna að nýjum sýningum í nýju húsnæði o.s.frv.

En ekkert safnastarf væri til staðar án mikillar bjartsýni og vonar um betri tíma að ári.

# Ársreikningur 2022

## Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Dalabyggð | 5.263.376 | 86,07% |
| Styrkir | 852.000 | 13,93% |
| | **6.115.376** | **100%** |

## Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Launakostnaður | 5.263.376 | 91,1% |
| Sarpur | 139.084 | 2,4% |
| Húsaleiga | 180.000 | 3,1% |
| Eftirlit með húsnæði | 15.600 | 0,3% |
| Öryggisgæsla | 143.608 | 2,5% |
| Sími, net ofl. | 10.856 | 0,2% |
| Tryggingar | 24.134 | 0,4% |
| **Samtals gjöld** | **5.776.658** | **100%** |
| Rekstrarafgangur / tap | 338.718 | |

| | |
|---|---|
| Uppsafnaður hagnaður | 3.589.231 |
| Rekstur 2022 | 338.718 |
| Samtals | 3.927.949 |

*Ársreikningur Byggðasafns Dalamanna er hluti af bókhaldi sveitarfélagsins Dalabyggðar og endurskoðað með því*

# Byggðasafn Dalamanna

## Ársskýrsla 2022



*Guðrún Esther Magnúsdóttir (1917-2017) húsfreyja á Fossi.*
*Ljósm. Lárus Óli Kristinn Magnússon (1921-2012) í Tjaldanesi.*

# Efnisyfirlit

**Stjórnsýsla** .......... **2**

*Stjórn safnsins* .......... *2*

*Starfsfólk og sjálfboðaliðar* .......... *2*

*Stofnskrá og stefnumörkun* .......... *2*

**Safnkostur** .......... **2**

*Afhendingar* .......... *3*

Munir .......... 3

Ljósmyndir .......... 3

*Skráningar* .......... *3*

**Miðlun** .......... **3**

*Opnunartímar* .......... *4*

*Aðsókn* .......... *4*

**Rannsóknir og þekkingaöflun** .......... **4**

**Húsnæði** .......... **4**

**Annað** .......... **4**

**Ársreikningur 2021** .......... **5**

## Stjórnsýsla

Byggðasafn Dalamanna var upphaflega í eigu sýslunefndar Dalasýslu, þá héraðsnefndar Dalasýslu og nú sveitarfélagsins Dalabyggðar. Sveitarstjórn Dalabyggðar fer með húsnæðismál safnsins.

### Stjórn safnsins

Menningarmálanefnd Dalabyggðar fer með málefni Byggðasafns Dalamanna.

Nefndina fram að sveitarstjórnarkosningum skipuðu formaður Þorgrímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Einar Jón Geirsson kennari í Auðarskóla og Sigrún Hanna Sigurðardóttir bóndi á Lyngbrekku. Varamenn voru Gyða Lúðvíksdóttir bóndi í Brautarholti og Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi í Þurranesi.

Menningarmálanefnd eftir sveitarstjórnarkosningar skipa formaður Þorgrímur Einar Guðbjartsson bóndi á Erpsstöðum, Einar Jón Geirsson kennari í Búðardal, Alexandra Rut Jónsdóttir búfræðikandídat á Skerðingsstöðum. Varamenn eru Gyða Lúðvíksdóttir bóndi í Brautarholti, Sigurður Ólafsson rafvirki í Búðardal og Skúli Hreinn Guðbjörnsson bóndi í Miðskógi.

Menningarmálanefnd fundaði sex sinnum á árinu.

### Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 55% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 30% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og 15% starfshlutfall hjá sveitarfélaginu Dalabyggð sem persónuverndarfulltrúi o.fl.

Um eftirlit og minna viðhald sá Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar. Sem fyrri ár var Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði safninu innan handar um margt og mikið.

### Stofnskrá og stefnumörkun

Byggðasafn Dalamanna starfar samkvæmt eldri safnastefnu fyrir árin 2013-2017. Ákveðið hefur verið að fresta frekari vinnu við stefnumörkun og annarri áætlanagerð til lengri tíma þar til ljóst verður hvert framtíðarhúsnæði safnsins verður og hvaða áhrif það hefur á starfsemina.

## Safnkostur

Byggðasafn Dalamanna safnar munum, ljósmyndum og heimildum sem að gera sögu mannlífs og náttúru í Dölum skil. Söfnunarsvæði Byggðasafns Dalamanna er fyrst og fremst Dalasýsla og Skógarströnd. Héraðsskjalasafn Dalasýslu tekur við skjölum af svæðinu og Listasafn Dalasýslu við listaverkum tengdum héraðinu.

Söfnunarflokkar eru heimilishald, atvinnuhættir, heimilisiðnaður, handverk, samgöngur, félagslíf, skólahald, kirkjumunir, trúarsöfnuðir og náttúruminjar. Vegna skorts á geymslurými er lögð áhersla á söfnun ljósmynda og heimilda frá síðari hluta 20. aldar í stað umfangsmikillar munasöfnunar.

Safnað er munum, ljósmyndum og heimildum sem tilheyra heimilishaldi og daglegu lífi á starfsvæði safnsins frá torfbæjum til nútímans. Varðandi atvinnuhætti er lögð áhersla á landbúnað fyrir vélvæðingu, hlunnindanýtingu, sjávarnytjar, eyjabúskap, iðnað og upphaf verslunar í héraðinu. Sérstök áhersla er lögð á söfnun tengda heimilisiðnaði og handverki úr héraðinu. Þá er og safnað er tækjum og tólum sem því tengjast. Safnið á nokkuð af munum tengdum póst- og símaminjum. Varðandi félagslíf er áhersla lögð á íþrótta- og æskulýðsfélög. Skólahald er mikilvægur söfnunarflokkur og safnað er munum

frá farskólunum, Búnaðarskólanum í Ólafsdal, Lýðskólunum í Hjarðarholti og Búðardal, Húsmæðraskólanum á Staðarfelli og Laugaskóla. Úr öðrum skólum er meiri áhersla lögð á söfnun ljósmynda og heimilda. Á safninu er nokkuð af kirkjumunum, en einnig er safnað ljósmyndum og munum tengdum starfsemi Hjálpræðishersins í Dölum.

## Afhendingar

Í aðfangabók eru skráðar óvenju fáar afhendingar eða 2 afhendingar muna og 5 afhendingar ljósmynda.

### Munir

2022-1 Goddastaðir. Ýmsir munir frá Goddastöðum, Hundadal og víðar úr sýslunni.

2022-2 Hrútsstaðir. Munir frá fjölskyldu Guðbjargar Jónsdóttur og Böðvars Marteinssonar.

### Ljósmyndir

2022-1 Efri-Brunná. Ljósmyndir úr fórum Eyjólfs Sturlaugssonar og Guðlaugar Guðmundsdóttur.

2022-2 Hjarðarholtsskóli. Skólaspjald Eyjólfs Jónasson í Sólheimum frá 1911-12.

2022-3 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Svart hvítar filmur.

2022-4 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Litskyggnur.

2022-5 Lárus Óli Kristinn Magnússon. Framkallaðar myndir varðveittar á Fossi.

## Skráningar

Í árslok 2022 voru alls skráðir munir í Sarp 2209 og ljósmyndir 7034. Unnið var að ljósmyndun muna við eldri skráningar og þeim bætt við í Sarp eftir því sem tími og aðstæður leyfðu.

Því miður er ekki til nákvæm skrá yfir fjölda óskráðra muna í Sarpi, en áætlað er að það séu um 350 munir og 4000 ljósmyndir. Stór hluti þeirra kemur úr stórri afhendingu í árslok 2022, ljósmyndir frá Laugaskóla yngri en 25 ára og öðrum afhendingum sem eftir er að yfirfara betur.

# Miðlun

Engar sýningar voru á safninu sumarið 2022. Unnið er að taka niður sýningar safnsins til flutnings í nýtt húsnæði (eða langtímageymslu).

Örsýningar voru sem fyrri ár á Héraðsbókasafni Dalasýslu.

Sýning á völdum verkum úr safnkosti Listasafns Dalasýslu var í Árbliki í Suðurdölum í tengslum við verkefnið nr. 4 Umhverfing í Dölum, á Ströndum og Vestfjörðum. Vegna þess þurfti að fresta um eitt ár sýningu á bæjarmyndum Sigurhans Vignis í húsinu.

Byggðasafn Dalamanna í samvinnu við Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Listasafn Dalasýslu sér um að nýtt listaverk eða munir af söfnunum séu á opnum fundum sveitarstjórnar Dalabyggðar. Þeim fundum er streymt á Youtube.

Miðlun á ljósmyndasafni fer að mestu í gegnum Sarp og sameiginlegri Facebook-síðu Byggðasafns Dalamanna og Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þar eru og birtar örsögur, kveðskapur, viðburðir og annað smálegt tengt sögu og mannlífi í Dölum.

Heimasíða safnsins er hluti af vefsíðu sveitarfélagsins Dalabyggðar, en þar eru ekki miklir möguleikar á uppsetningum og er sú síða því lítið notuð nema fyrir grunnupplýsingar.

## Opnunartímar

Byggðasafn Dalamanna var lokað sumarið 2022 vegna fyrirhugaðs flutnings á safninu.

## Aðsókn

Safnið hefur verið lokað undanfarin ár vegna óviðunandi aðstöðu til varðveislu og safnastarfs.

Sögustundir eru haldnar yfir vetrarmánuðina í samstarfi við Héraðsskjalasafn Dalasýslu. Söguröltyfir sumarmánuðina hefur verið í samstarfi við Sauðfjársetur á Ströndum síðan 2018. Til skiptis er gengið á Ströndum, í Dölum og einnig í Reykhólahreppi. Sögustundir og söguröltvar frestað á árinu eftir Covid-19 og annarra anna.

Eftir Covid-19 fór starfsemi Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólasveit hægt af stað, en safnastjóri og héraðsskjalavörður hafa verið með reglulega dagskrá þar undanfarin ár.

## Rannsóknir og þekkingaöflun

Rannsóknir og þekkingaöflun á árinu tenggist sem fyrr skráningu muna og greininga ljósmynda. Mikil vinna er lögð í að nafnaskrá í Sarpi séu vandar þannig að auðvelt verði í framtíðinni að finna réttan einstakling.

Unnið var að nemendatali Húsmæðraskólans á Staðarfelli og Hjarðarholtsskóla samhliða skráningu skólaspjalda.

Í maímánuði fór safnastjóri og hugbúnaðarsérfræðingur safnsins í vikuferð um sænsku Dalina að kynna sér þar safnastarf, söguslóða, öflug sögufélög og hvernig þetta er tengt saman til að mynda eina heild.

## Húsnæði

Frá 1977 hefur Byggðasafn Dalamanna verið til húsa í kjallara undir kennsluálmu Laugaskóla. Núverandi húsnæði hentar starfsemi safnsins illa og fá tækifæri eru til þróunar. Á haustmánuðum 2019 var endanlega ákveðið eftir miklar haustrigningar og vatnsflóð á safninu að nú væri nóg komið og safninu lokað á Laugum.

Unnið var af eiganda safnsins, sveitarfélaginu Dalabyggð, að fjármögnun á nýju safnahúsi. Ekkert gekk frekar en fyrri ár að fá svör frá menningarmálaráðuneytinu varðandi stofnstyrki til nýs safnahúss.

Í árslok 2022 urðu sviptingar í öllum áætlunum um húsnæði fyrir safnið og staðan komin nokkurn veginn aftur á byrjunarreit.

## Annað

Þónokkur tími safnvarðar fer í að svara fjölbreyttum erindum tengdum munum, ljósmyndum, sögu, menningu og staðháttum héraðsins.

Óvissa í fjármögnun á húsnæði fyrir safnið höfðu mikil áhrif á starfsemi safnsins á árinu 2022.

Afhendingar muna og ljósmynda voru í lágmarki, ekki var unnt að vinna að nýjum sýningum í nýju húsnæði o.s.frv.

En ekkert safnastarf væri til staðar án mikillar bjartsýni og vonar um betri tíma að ári.

# Ársreikningur 2022

## Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Dalabyggð | 5.263.376 | 86,07% |
| Styrkir | 852.000 | 13,93% |
| | **6.115.376** | **100%** |

## Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| Launakostnaður | 5.263.376 | 91,1% |
| Sarpur | 139.084 | 2,4% |
| Húsaleiga | 180.000 | 3,1% |
| Eftirlit með húsnæði | 15.600 | 0,3% |
| Öryggisgæsla | 143.608 | 2,5% |
| Sími, net ofl. | 10.856 | 0,2% |
| Tryggingar | 24.134 | 0,4% |
| **Samtals gjöld** | **5.776.658** | **100%** |
| Rekstrarafgangur / tap | 338.718 | |

| | |
|---|---|
| Uppsafnaður hagnaður | 3.589.231 |
| Rekstur 2022 | 338.718 |
| Samtals | 3.927.949 |

*Ársreikningur Byggðasafns Dalamanna er hluti af bókhaldi sveitarfélagsins Dalabyggðar og endurskoðað með því*